Heimskringla

kemr út á Laugardögum.

The Heimskringla Ptg. & Publ. Co.
útgefendr. [Publishers.]

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum er:
1 árgangur 12 mánuðir $2.00.
½ —— 6 —— $1.00.

Ritstjórinn geymir ekki greinar, sem eigi verða uppteknar, og endrsendir þær eigi nema frímerki fyrir endsendingu fylgi. Ritstjórinn svarar engum bréfum ritstjórn viðkomandi, nema í blaðinu. Nafnlausum bréfum er enginn gaumur gefinn. Eu ritstj. svarar höfundi undir merki eða bókstöfum, ef hóf, tiltek. slíkt merki.

Uppsögn ógild að lögum, nema kaupandi sé alveg skuldlaus við blaðið.

Ritsjóri (Editor):
EGGERT JÓHANNSSON.

Ráðsmaðr (Busin. Manager):
EINAR ÓLAFSSON.

Peningar sendist í P. O. Money Order, Registered Letter eða Express Money Order. Banka-ávísanir á aðra banka, en í Winnipeg, eru að eintaknar með afföllum.

OFFICE:
Cor. Ross Ave. & Nena Str.
P. O. BOX 395.

Tugthússlimir í hárri stöðu.

Það er margt ljótt, sem Greenway-stjórnin hefir aðhafzt síðan hún kom til sögunnar, en ljótasta, svartasta sökin er það, sem á hana er borin nú. Kæran er hvorki minni né meiri en það, að hún sé nú að breiða hilmingarvoð yfir opinberan þjóf. Er þar af leiðandi jafnsek honum í augum laganna.

Málið er þannig vaxið, að einn af fylkisþingmönnunum, og stuðningsmaður stjórnarinnar, þingmaðurinn fyrir Lansdowne-kjördæmið, er féhirðir sveitarstjórnarinnar í Sifton. I sumar er leið þótti ástæða til að fá reikningsyfirskoðara fylkisins til að yfirfara sveitarreikningana. Hann gerði það og skilaði því starfi af sér 24. Sept. síðastl. Reit hann þá yfirmanni sínum, Municipal commisioner, Hon. J. D. Cameron og sýndi honum í því bréfi fram á, að féhirðir sveitarinnar hafi byrjað að draga undir sig sveitarfé árið 1887, að það ár hafi fjárdrátturinn numið $365. Frá þeim tíma hafi fjárdrátturinn haldið áfram, þó hann á því tímabili hafi stundum skuldað sveitinni minna en áðurnefnda upphæð. Síðustu 2—3 árin var hann óragari að kasta út neti sínu, enda nam fjárdráttur hans alls $6 105 90 í lok Ágústmán. 1894.

Þegar stjórninni var þetta kunnugt orðið, var auðsæ skylda hennar að heimta að féhirðir sveitar þessarar tafarlaust segði af sér þingmennsku. Þá var og ekki síður brýn skylda dómsmálastjóra fylkisins að sækja mann þennan að lögum og koma honum þang að, sem hann með réttu á heimili—í betrunarhúsið. Lögin úrskurða slíkt svo greinilega, að þar var ekkert undanfæri. Það viðurkendi líka Sifton dómsmálastjóri í fyrra, þegar hann greip féhirðir skólahéraðs eins og lét setja hann í betrunarhús um 7 ára tíma fyrir að hafa dregið sér af skólafé $128,60. Ef það var réttlát hegning fyrir stuld $128.60, hvað er þá réttlát hegning fyrir $6 105 90? Lögin ætlast til að eitt skuli ganga yfir alla glæpamenn, hvort sem þeir eru ríkir eða fátækir, þingmenn eða þingmenn ekki, og dómsmála stjóra eins eða annars fylkis er falið á hendur að beita lögunum hlífðarlaust. En þó þannig sé umbúið og þó nú séu liðnir nærri 3 mánuðir síðan stjórninni varð þetta kunnugt, þá er Sifton dómsmálastjóri enn ekki farinn að hreyfa við þessu máli.

Í stað þess að sækja þennan mann að lögum, í stað þess að gera hann rækann af þingi, úr því sómatilfinning hans sjálfs ekki knúði hann til að segja af sér undir eins og hann varð uppvís að fjárdrættinum. Í stað þess gerir stjórnin sér að góðu að láta hann semja um endurborgun fjárins við sveitarstjórnina, með því að gefa henni skriflegt loforð um að inna af hendi hið stolna fé svo fljótt sem kringumstæður leyfa! Ekki þar með búið. Það er fullyrt að ráðaneyti Greenways alt sé nú gengið í bandalag með þessum manni og þar af leiðandi sé jafnsekt og hann, því svo ákveða lögin greinilega. Það er sem sé fullyrt, að þingmaður þessi hafi gefið sveitinni ávísun á þingmennskulaun sín tilvonandi, fyrir þau tvö þing sem hann vonast eftir að sitja á, áður en kjörtíminn er útrunninn.—Þetta gat hann ekki gert, nema með samþykki ráðaneytisins. Að vísu gat hann *lofað* sveitinni þessu tilvonandi kaupi sinu, en *deilan* á fjármálastjóra fylkisins gat hann ekki gefið nema með samþykki og leyfi stjórnarráðsins. Ef að lögum hefði verið farið, var stjórnin skyldug að banna þessum opinbera glæpamanni að lofa launum sínum fyrir þingmannsstörf, störf, sem hann á ekki með að hafa á hendi lengur, löngu áður en hann hafði unnið fyrir þeim. Því fremur var hún þá skyldug til að neita honum um samþykki sitt, til að gefa ávísun. Því með því samþykki er hún orðin jafnsek og hann, eins og sannast myndi, ef mögulegt væri að hrinda lagavélinni af stað, en sem líklega gengur ekki greitt þegar umsjónarmaður hennar og allsherjar reglurvörður fylkisins er fast flæktur í þessu glæpaneti.

Þannig er þá þessu máli varið. Fylkisstjórninni er tilkynnt að þessi maður sé þjófur að $6 105 90. Skylda hennar var, að gera hann þegar þingrækann, hneppa í fangelsi og hegna sem öðrum glæpamönnum. Hún gerði hvorugt. Svo lofar þessi náungi sveitarstjórninni þinglaunum sínum fyrir tvö væntanleg þing. Ekkert skiftir stjórnin sér af því. Sveitarstjórnin er auðsæilega ekki ánægð með eintóm loforð þess manns, sem hún var svo greinilega búin að sannfærast um að var ekki trúverðugur maður. Í öngum sínum fer þá fjárdráttamaðurinn til stjórnarinnar, er hann hafði stutt svo drengilega, og biður hana ásjár, biður hana um leyfi til að gefa sveitarstjórninni ávísun á fjármálastjórann. Og *það* gerir Greenway og hans ráðvanda ráðaneyti með ánægju!

Af þessu öllu leiðir svo, að nú verða Manitoba-menn heiðraðir með því, að hafa opinberan fjárglæframann fyrir löggjafa á þingi! Það má geta nærri hve hardtækur hann verður á flokksbræðrum sínum, sem framvegis kunna að verða uppvísir að þjófnaði.

Þannig er þessi saga. Megin-atriði hennar er auðvelt að sanna, enda er það ljós vottur þess, að hún sé sönn, að enn hafa ekki málgögn Greenways borið við að svara ákærunni. Þau eru auðséð ráðalaus, viðurkenna hve blygðunarlaust öll lög og réttur eru hér fótum troðin, sjá hve óþolandi smán fylkinu er gerð með því, að hafa opinberan þjóf í löggjafarsæti á löggjafarþingi fylkisins, og ætla svo ekki að byrja fyrr en þjófafélag þetta afdráttarlaust heimtar að haldið sé hlífi skildi fyrir þeim félögum. Því það er alt að því óhugsandi, að dómsmálastjórinn taki þennan mann fyrir héðanaf, nema hann verði kúgaður til þess, því að, ef satt er um ávísunina, þá er verkefnið orðið flóknara og óþægra viðeignar, en það var upprunalega. Hann þarf þá ekki einungis að sækja að lögum hinn þjófgefna féhirðir, heldur einnig þessa háttstandandi umboðsmenn hins opinbera: The Hon. Thos. Greenway, D. H. McMillan, Robt. Watson, J. D. Cameron og — Clifford Sifton. Að dómsmálastjóranum falli illa að lögsækja hina fjóra fyrtöldu er sjálfsagt, en hvers skyldi þá mega til geta um löngun hans til að löksækja sjálfan sig?

Paul du Chaillu,

hinn nafnkunni ameríkanski ferðamaður og rithöfundur,* sem mörgum öðrum fremur hefir lagt sig eftir að sanna, að Íslendingar og *Norðmenn* hafi fundið Ameríku, var heiðursgestur Norðmanna í Chicago nú nýlega. Komu þar saman margir "leiðandi" Skandinavar úr Illinois, Wisconsin og Minnesota-ríkjum, meðal þeirra Knútur Nelson, governor í Minnesota, til að halda honum veizlu. Er þetta stuttur útdráttur úr ræðu Chaillu's við það tækifæri,

"Öll fornaldarsaga er þýðingarlaus, ef ekki er hægt að sanna réttmæti hennar með fornmenjum. Saga Rómverja sannast af þeim menjum, sem Rómverjar hafa látið eftir sig. Vér vitum að þeir komu til Bretlandseyja, Þýzkalands og annara landa. Vér viðurkennum að þetta gildi einnig í tilliti til Víkinganna frá Norðurlöndum, sem Rómverjar kölluðu "Saxa" og 'Frakka'. Vér viðurkennum, að það er einungis fyrir þær menjar sem þeir hafa eftirlátið, að við getum komist að því, hvar þeir hafa búið. Í miðpunkti hinnar skandinavisku þjóðar fyrir vestan hafið —Chicago—hikum vér ekki við að segja að þessir víkingar, sem Rómverjar kölluðu "Breta", voru Norðmenn, og að Norðmenn tóku Bretlandseyjar og settust þar að. Látum þessa staðhæfingu útbreiðast, jafnvel hérmegin Atlantshafs og nú til allrá menntastofnana vorra.

Vér tökum gilt og gott það sem árbækur Rómverja segja um þessar víkingaþjóðir, sem þeir voru svo hræddir við, að þeir byggju við yztu endimörk norðlægra landa og jafnvel á hafinu sjálfu. Að þeir ekki meintu Holland eða Rínar-mynni, sannast af því, að þau lönd lágu undir þá á þeim tíma. Heldur ekki meintu þeir Elbu-fjörðinn. Nei, þeir meintu einmitt það sem þeir sögðu. Ekkert land nema Skandinavia svarar til lýsinga þeirra. Af þeim fornleifum, sem sanna staðhæfingar vorar, sézt, að á þeim tíma, þegar menntun Grikkja og Rómverja stóð sem hæst, höfðu Norðurlanda-búar einnig náð háu menntastigi og kunnu ritlist.

Vér staðhæfum, að það er að eins Noregi, Svíríki, Danmörku og eyjunum í Eystrasalti að þakka, að vér finnum fornmenjar í haugum og rústum, sem sýnir, að á Rómverja-tímabilinu hafi mannmargar og herskáar þjóðir búið á þessum stöðum. Í þessum gröfum finnst mikið af rómverskum munum úr bronzi og gleri og þúsundir gull og silfur-peninga* frá ýmsum tímum hins rómverska keisaraveldis, alt frá tímum Águstus (14 e. Kr.), og vér staðhæfum, að andstæðingar vorir geti ekki sýnt okkur neitt land frá þessu tímabili með jafnmörgum jarðgeymdum fornleifum.

Vér staðhæfum, að þær fornleifar, sem fornfræðingar og sagnaritarar kalla á Englandi Anglo-rómverskar eða Anglo-saxneskar og á Frakklandi Frakkneskar, eru ekkert annað en skandinaviskar fornleifar, sem mikið meira finnst af á Norðurlöndum. Það var siður Norðurlanda-manna, að heygja dauða menn, hvort sem líkin voru brennd eða ekki, og leggja í haug með þeim vopn og aðra kjörgripi. Og þessir haugar standa nú sem þögul merki þess, hvar víkingaskip Norðmanna bar að landi og hvar þeir höfðuzt við. Haugar þessir skifta þúsundum á Norðurlöndum og á eyjunum í Eystrasalti, og samskonar haugar með samskonar einkennum hafa fundist sunnan við Eystrasalt og sunnan við "Norðursjónn" og í ýmsum öðrum löndum. Þær bera þess greinilega merki, að þær eru gerðar af Norðurlanda-búum og geyma lík þeirra sigurvegara eða nýbyggja.

Vér staðhæfum, að hvorki Englar eða Saxar hafi verið sæfaraþjóð á þessu tímabili. Og vér staðhæfum, að haugarnir á Englandi eru gerðir af Norðurlanda-mönnum og eru sannanir fyrir því, að Norðmenn hafi sezt að á Englandi nærri 309 árum áður en Hingist og Horsa komu þangað. Vér staðhæfum, að fornmenjarnar, er fundust í kyrkjugarði einum á bökkum árinnar Cam á Englandi, ásamt miklum fjölda af rómverskum peningum frá tímum Trians, Hadrians, Faustina, og Marcus Aureliusar, séu komnar frá Norðurlöndum snemma á járnöldinni.

Vér staðhæfum, að það séu engar sannanir fyrir því, að þær þjóðir sem Rómverjar kölluðu "Engla og Saxa", og sem voru sæfara þjóðir, að þeirra sögn, hafi sjálfar kallað sig því nafni.

Vér staðhæfum, að hin svo kölluðu "Common Law" eigi rót sína að rekja til hins forn-norræna réttargangs, sem er miklu eldri en hokkur söguleg rit, sem til eru á Englandi. Þetta hefir líka hinn nafnkunni dómari og lögfræðingur, hæstaréttar dómari Charles P. Daly, viðurkennt í fyrirlestri, sem hann hélt fyrir stúdentunum í Columbia-lagaskólanum í New York.

Vér staðhæfum, að Saxar hafi á dögum Karls hins mikla ekki verið sæfara þjóð, jafnvel þó að þá væru ekki nema að eins 300 ár frá því Rómaveldi leið undir lok. Og vér höfum enga sögulega sönnun fyrir, að nokkur þjóð hafi á svo stuttum tíma lagt niður sín þjóðlegustu einkenni, að þeirra sæust engin merki. Vér staðhæfum, að landið kringum ósana á Elbu hafi ekki nokkru sinni í fyrndinni verið þéttbygt, eftir því sem hægt er að sjá af fornleifum.

Vér staðhæfum, að orðið England í gömlu íslenzku sögunum þýði, eins og líka í Skandinaviu, að eins engjaland, og það eru margir staðir til á Norðurlöndum, sem heita eng-land.

Ef vér förum ekki með sannleika í þessum greinum, þá ætti að vera auðvelt fyrir andstæðinga vora að koma með sannanir, sem sýni hið gagnstæða. Og ef þeir gera það, þá munum vér þegar gangast við því, að vér höfum tekið of djúpt í árinni. Ég verð að segja, að ég hefi ekki getað fundið neinar sannanir andstæðar þessu, sem ég nú hefi tekið fram, þrátt fyrir að ég hefi nákvæmlega rannsakað þau lönd, sem enskir sagnaritarar kalla uppruna heimkynni hinnar saxnesku þjóðar".

*) Paul du Chaillu er af frönskum ættum, en fæddur í Bandaríkjunum. Á unga aldri fór hann til Afríku, dvaldi þar lengi og varð frægur fyrir. Síðar fór hann til Noregs og lagði sig eftir fornfræði og hefir stundað hana síðan. Um Noreg hefir hann ritað 3 bækur: "Land miðnætursólarinnar", "Ívar víkingur" og "Víkinga-öldin". Auk þess hefir hann ritað mikið um Noreg og fornleifar Norðmanna í hérlendum tímaritum.

*) Peningarnir sanna ummæli fornsagnanna, að þessir og hinir hafi verið í víkingu um lengri og skemmri tíma.—Peningarnir og kjörgripir fundnir í haugunum sýna, að þeir komu ekki tómhentir heim.

NYTT LEIKRIT

eftir hinn norska skáldkonung Henrik Ibsen, kemur út núna þessa dagana og kemur áð heita má jafnsnemma á 4 tungumálum: dönsku, þýzku, frönsku og ensku. Auk þess er nú verið að þýða handritið á ítölsku og spænsku. Má af þessu ráða hve mikið álit þetta rit hefir og hve langt Ibsen er álitinn fyrir ofan öll samtíðar leikritaskáld. Það er óhætt að fullyrða, að þannig er ekki látið um leikrit nokkurs annars manns, sem nú er uppi. Sonur skáldsins, sem stóð fyrir að selja útgáfuréttinn, hefir um langan tíma engan frið haft fyrir útgefendum allstaðar að, er gjarnan vildu ná í þennan væntanlega kjörgrip. Til dæmis um aðsóknina er þess getið, að forstöðumenn stærsta leikhússfélagsins í Paris, sendu umboðsmann heim til Ibsens sjálfs og létu hann bjóða honum stórfé fyrir einka-útgáfurétt að ritinu, þannig að enginn annar mætti kosta þýðing þess og útgáfu. Þetta boð var gert án þess umboðsmaðurinn hefði séð ritið eða nokkurn hluta þess, og sýnir það ljóslega, hve mikið traust Frakkar að minnsta kosti hafa á þessum Shakespeare Norðmanna. Þessu álitlega boði hafnaði Ibsen umhugsunarlaust. Er það hvorttveggja, að honum er lítið um einveldi, í hvaða mynd sem er, enda var hann þá búinn að selja dönsku félagi í Kaupmannahöfn útgáfuréttinn fyrir norðurlönd — Gyldendals-félaginu.

Leikurinn, sem almenningur veit ekki enn hvað heitir — er í þremur þáttum. eftir því sem fregnbréf frá Kaupmannahöfn segir. Aðalpersónurnar í honum eru hjónin Alfred Almers og hin unga kona hans Rita. Það eru eiginleikar og framkomá frú Ritu, sem þegar í hinum fyrstu samræðum í leikritinu, hefur hana langt upp yfir allar aðrar persónur, ekki einungis í þessu leikriti, heldur einnig allar þær margvíslegu, dularfullu og hálfgeigvænlegu kvennpersónur, sem ímyndunarafl Ibsens hefir klætt holdlegum búningi og leitt fram á leiksviðið. Þau hjónin eiga eitt einasta barn, dreng sem Eyólfur heitir. Þetta barn var þeirra aðal-uppáhald og sáu þau ekki sólina fyrir því. Einusinni hafði móðirin sett barnið frá sér, en það datt og slasaðist og mátti upp frá því ganga við hækjur. Þetta varð til að auka enn meir ást og meðaumkun föðursins, svo að hann heldur jafnvel meir upp á drenginn eftir en áður. En þar á móti verður móðirin frá sér út af því, að drengurinn — hold af hennar holdi — skuli vera örkumslaður og þurfa að ganga við hækjur. Þar næst segir frá hvernig óbeit hennar á hækjum drengsins fer vaxandi við það, að hún sér að ást manns hennar gengur meir út á hið sjúka barn en sjálfa sig. Og í hálfgerðri örvinglan lítur hún óhýrum augum til barnsins.

Að nokkuð af innihaldi ritsins er orðið kunnugt áður en það er prentað, er að þakka, eða öllu heldur að kenna, fregnrita blaðsins "Politiken" í Khöfn. Hann náði í eitthvað af próförkum af tveimur fyrstu þáttunum og lýsti svo ritinu í blaðinu. Af þessu varð Ibsen fjúkandi vondur, því með því þótti honum rofinn samningur hans við hina ýmsu útgefendur, því þeir muni álíta, að með þessu sé spilt fyrir sölu bókarinnar. En alment er álitið, að einmitt þetta verði til að auka söluna, að of lítið hafi verið sagt til að svala hinni almennu forvitni, en nógu mikið til að örfa hana, svo að menn þar af leiðandi biði með enn meiri óþolinmæði eftir útkomu ritsins.

Tollniðurfærslan síðasta

þykir Lögbergi tilkomulítil á akuryrkjuvélum, af því meðal annars, að "stjórnin getur sjálf verðlagt vörurnar." Því verður ekki neitað, að það litur illa út, en þegar það er skoðað nákvæmlega, þá er ekki nema eðlilegt, að stjórnin tæki sér það vald, að mega verðlegggja vörurnar. Reynslan hafði kent henni, eins og svo mörgum öðrum, að ýmsar vörutegundir sendar hingað frá Bandaríkjum, eru stundum metnar alt að helmingi lægra en eigandinn hefir eða getlar að selja þær fyrir, í þeim tilgangi einum, að svíkjast undan að borga svo mikinn hluta tollsins. Þetta er ástæðan og ekkert annað, enda er þessu valdi stjórnarinnar ekki beitt, kemur ekki til, nema ef til vill í einu tilfelli af þúsundi.

Hvað snertir hækkun tolls á öðrum varningstegundum, þá eru þær vörutegundir fáar. Og sú hækkun var líka óviljandi og leiddi af breytingunni frá því að leggja tollinn á hvert pund, yard eða einhvern ákveðinn mæli, í verðtoll, þ. e., að leggja tollinn á verð varningsins eingöngu. Á einstöku varningstegundum hefir tollurinn þannig hækkað án þess svo væri til ætlað. Að þær varningstegundir eru fáar sézt af því, að eins víst eins og dagurinn kemur, eins víst hefir sú upptalning fylgt verzlunarskýrslum landsins við lok hvers mánaðar í alt sumar og haust, er birtst hafa í hinum hetzta "liberal" blöðum. Sú upptalning er nokkurn vegin óbreytt mánuð eftir mánuð og sýnir ljóslega, að þar er ekki um auðugan garð að gresja.

Orða-belgrinn.

[Öllum, sem sómasamlega rita, er velkomið að "leggja orð í belg;" en nafngreina verðr hver höf. sig við ritstj., þótt ekki vilji nafngreina sig í blaðinu. Engin áfellis-ummæli um einstaka menn verða tekin nema með fullu nafni undir. Ritstj. afsalar sér allri ábyrgð á skoðunum þeim, sem koma fram í þessum bálki]

Hnetubrot.

Eftir G. A. Dalmann,
Minneota, Minn.

Sannarlegt frelsi getur ekki þrifizt í nokkru landi, þar sem löggjafarvaldið miðar í þá átt að draga fé úr höndum alþýðu, en hrúga því saman hjá einstökum mönnum". Webster.

"Þjóðbankar eru sameining auðvalds og ríkis, og sú eining er þegnum landsins miklu skaðlegri en sameining ríkis og kirkju". John C. Calhoun.

"Allir peningar, er stjórnin tekur með fullu ákvæðisverði í skyldur og skatta, eru góðir peningar, hvað svo sem er efni þeirra eða lögun".
Henry Clay,

"Sú bölvun, er grúfir yfir Bandaríkjunum eins og voðaleg helmóða, er hin mörgu einokunarfélög. Það er einokun, er tekur ágóðann af hverri hveiti skeffu, hverjum mjólpoka og hverju kola tonni. Það er varla maður, kona eða barn, sem ekki er beygt undir vilja þessa voðalega valds. Það stjórnar kjörfundum og kosningum; það gefur löggjafarvaldinu bendingar, það hefir sérveldismenn í öðrum vasanum og samveldismenn í hinum". —
Rev. Dr. Talmage.

Væri það ekki góðum mun hentugra, ef stjórnin hefði sparibanka í sambandi við póstafgreiðslustofurnar, þar sem konur og menn gætu lagt peninga sína til geymslu, hvort sem þeir væru miklir eða litlir, án þess að vera hrædd við brögð bankastjóra, eins og nú á sér stað, þar sem bankar fara á höfuðið dags daglega; auðvitað í flestum tilfellum af einskærum svikum til að féfletta þá er peninga eiga þar inni. Þessu svara margir sem þykjast vera stjórnfræðingar, að það gangi aldrei fyrir sér að stjórnin fari að keppa við bankastofnanir, sem hafi lagt fram ógrynni fjár til að reka þessa viðskiftagrein. Nú, auðvitað bankaeigendur og þeirra hagnaður er meira verður en velferð þjóðarinnar!

Hefir þú tekið eftir því, þegar þú lánar peninga á banka, þá krefszt gjaldkerinn þess, að þú gefir trygging í eignum þínum, er nemur mörgum sinnum þeirri upphæð er þú lánar, en ef svo ber undir, að þú leggir nokkra peninga á banka, hvaða tryggingu fær þú? Alls enga. Þú fær að eins viðurkenning frá bankastjóra, sem í mörgum tilfellum er samvizkulaus svikari, eins og dæmin sýna, að bankar, er hafa náð í margar þúsundir af almenningsfé, verða gjaldþrota og í sumum tilfellum geta að eins greitt 10 af hundraði. Alþýða er orðin svo dilabrend á þessum svikamillum, að fáir þora að leggja peninga á banka, þó til væru, og afleiðingin er sú, að þeir eyðast fyrir einhvern óþarfann, af því þeir voru bornir í vösunum og æfinlega við hendina.

Vinir! Haldið þið áfram að styðja hina gömlu flokka með yðar atkvæðum, þeim kemur vel saman um að viðhalda þjóðbönkum og öðrum einokunarfélögum upp á yðar reikning, og ef þér skyldað fara að kvarta um þungar búsifjar og illbærar álögur, þá verðið þér að tala með hógværð og stilling, því stjórnin hefir nýlega uppgötvað að bezt sé að ræða atvinnumál þegna sinna með Gatling Guns. Auðvitað, allir hardstjórar á öllum tímum hafa brúkað setulið og drápsverkfæri, þegar þeir hafa verið að sölsa undir sig ávöxtinn af erviði þegna sinna." Það er líka alt er okurkarlar og einokendur vilja með öss. Þeir vilja að eins ná í ávöxtinn af vinnu vorri, en ef vér aðgætum vel, þá var það einmitt þetta, sem var hyrningarsteinn þrælahaldsins. Menn voru keyptir, svo eigandinn gæti haldið öllu er vinna þrælsins framleiddi, en svo var nokkuð er þessu fylgdi: eigandinn varð að sjá þrælnum fyrir fötum og fæði; það var hagfræðisskylda, ef ekki siðferðisleg, alt svo þurfti þrællinn ekki að bera umhyggju fyrir morgundeginum. En hver ber umhyggju fyrir konum og börnum, sem allslaus eru hér á sléttunum eftir að hin ósefandi peningagræðgi hefir tekið alt sem fémætt var í nafni hinna fanglátu og mörgum sinnum misbrúkuðu veðsetningalaga? Það er hræðilegt að bera sér í munn, en mér er grunur á, að hið síðara þrælahald, er nú stendur yfir, taki ekki mikið fram hinu fyrra.

Ó, vinir! Ég bið yður í nafni barna yðar, í nafni komandi kynslóðar, í nafni mannlegra tilfinninga, gætið að hvað þér eruð að gera; athugið vandlega yðar þegnskyldu, byggið yðar pólitisku trú á eigin rannsókn, látið ekki berast eins og rekabútar, er hrekjast hingað og þangað fyrir vindi og straumum, látið ekki aldarandann hrekja yður frá skyldunnar braut. Þér haldið að þér séuð frjálsir menn og ykkur er sagt það, en sannleikurinn er, að þér eruð þrælar auðvaldsins; hinar ógurlegu leigur af peningum eiga yður að nokkru leyti, eiga alt, er þér getið framleitt með elju og ástundun, án þess að bera nokkra ábyrgð fyrir þörfum yðar um komandi daga, og hvað er þá orðið af frelsinu, er ég og aðrir hafa verið að blása um? eða hafa það að eins verið draumar hins sístarfandi mannsanda? eða hefir það bara verið hilling, er glapti oss sjónir og lét oss sýnast frelsi hér, þegar það er ef til vill margar aldir fram í tímanum.—Jú, við erum frjálsir að gjalda okurrentur svo lengi sem kraftar endast, og deyja svo fyrir ár fram, ef við að eins gerum það þegjandi og án þess að mögla. Kveinstafir vorir láta illa í eyrum okraranna, það spillir þeirra rósemi. Þeir vilja hafa næði.

Ég hefi mörgum sinnum heyrt landa mína tala um sósialismus og anarkistmus og níhilismus, svo sem væri það hið sama, væri sama nafn, orðið að eins mismunandi, er þýddi eitthvað voðalegt, eitthvað, er eins og ósjálfrátt dragi hugi mauna að hinum voðalegustu og glæpsamlegustu viðburðum sögunnar, eitthvað er væri bergmál hryðjuverka og manndrápa. Þetta var það sem fyrir mér vakti, þegar ég gerði þessa athugasemd, er ritstj. Lögb. rekur tærnar í og því sem nær hálsbrýtur sitt andlega atgervi á. Ég álít að margt sé í kenningu sósialista, er gæti haft betrandi áhrif á oss, og vildi því koma verkmönnum, jafningjum mínum, til að hugsa um þetta efni, svo þeir gætu verið réttlátir dómarar, bygt dómsgreind sína á eigin rannsókn. Það kemur málinu ekkert við, hvort landar hallast að socialistmus eða ekki, það er því miður margt er ekki verður sagt að vér höllumst að, er án efa gæti orðið oss að góðu að þekkja ítarlega. Eitt er víst að það er viðurkennt af fjölda mörg um dugandi mönnum vorra daga, að ætið sé betra að vita rétt, en hugsa rétt. Það kemur mér annars mjög á óvart, að ritstjóri Lögb. skuli vera að ýfast við mig út af því, þó að hann hafi aldrei heyrt getið um hugmynd, er haldið er fram, í það minnsta get ég ekki séð, að þetta komi málinu nokkuð við. Það er verið að tala um hvort eindregnar socialista kenningar séu verkalýðnum skaðlegar eða ekki. Það er spurnsmálið eg ekkert annað.

Þvættings-ritlingar.

Heimurinn heldur áfram og altaf koma út nýjar og nýjar bækur. Mánuð eftir mánuð koma út nýjar og nýjar bækur með óvanalega lágu verði. Mikið af þessum bókum er bara þvættingur, ónýtur og óhafandi á heimilum. Verk margra merkra höfunda fást nú fyrir sama verð og flest af þessum ónýtu skrípa-ritum. Canadamenn eru gæddir svo mikilli skynsemi, að þeir ættu að hafa vit á hvaða bækur eru þess virði, að þær sé þess virði að þær sé hafðar á heimilum. Hinir margreyndu og vönduðu Diamond-litir kosta ekkert meira en ýmsir af hinum óvönduðu og svikinu litum sem alstaðar eru í boði. Diamond litir eru hinir beztu í alla staði: liturinn er sterkur, fagur og endingargóður. Hver liturinn er þá hinn ódýrasti og beztí?